

Heilbrigðisráðuneytið
Skógarhlíð 6
105 Reykjavík



Selfossi 20. maí 2021

Efni: Umsögn um aðgerðaráætlun fyrir bráðabjónustu og sjúkraflutninga til ársins 2025, mál nr.S-110/2021

Stjórn Félags slökkviliðsstjóra á Íslandi gerir athugasemdir við að ekki hafi fulltrúi sveitarfélaga og eða slökkviliða tekið þátt í gerð aðgerðaáætlunar fyrir bráðabjónustu og sjúkraflutninga til ársins 2025 sem og stefnumótun til ársins 2030 um sama málefni.

Það ber að hafa í huga að slökkvilið á Íslandi sinna nú sjúkraflutningum fyrir um 83% landsmanna og hafa gert í áratugi og sum jafnvel allt frá því skipulagðir sjúkraflutningar hófust á þeirra svæði.

Samrekstur slökkviliða og sjúkraflutninga er rekstrarlega góður kostur fyrir bráðabjónustu hvað varðar sveigjanlegt uppsett afl, samþættingu menntunar, gæði starfsins og skotið sterkum stoðum undir báða verkþættina svo um munar og er ein af megin forsendum fyrir þeim árangri sem hefur náðst á þessum vettvangi hér á landi.

Er það því mat stjórnar félags slökkviliðsstjóra að samrekstur slökkviliða og sjúkraflutninga eigi nú sem fyrr, góða samleið og sé afskaplega jákvætt fyrir báða málaflokka. Stjórn FSÍ er undrandi að ekki hafi verið kallaðir til fulltrúar frá sveitarfélögum eða slökkviliðum landsins við gerð stefnumótun og aðgerðaráætlunar fyrir bráðabjónustu og sjúkraflutninga til að nýta þá reynslu sem þar er til staðar.

Það er mat stjórnar FSÍ að rétt sé að taka upp viðræður við ríkið um eflingu sjúkraflutninga og slökkviliða í auknu samstarfi enda hafa kröfur aukist á bættu þjónustu. Í ljósi þess sem stefnt er að í aðgerðaráætlun um sjúkraflutninga og bráðabjónustu til næstu fimm ára er mikilvægt að horft sé til reynslu sveitarfélaga varðandi rekstur sjúkraflutninga og samrekstur þeirra við slökkviliðin með hagsmuni heildarinnar að leiðarljósi.

Húsnæðis- og mannvirkjastofnun (HMS) hefur einnig boðað eflingu slökkviliða enda hafa kröfur einnig aukist þar á bættu þjónustu og spennandi áskoranir er ekki síður handan við hornið hvað varðar slökkviliðin. HMS hefur því lagt til að gefin verði út grænbók um framtíðarsýn og áherslur í þjónustu slökkviliða. Hér er kærkomið tækifæri til að styrkja bráðabjónustu í landinu með þátttöku heilbrigðisráðuneytisins í þeirri vinnu og efla báða verkþættina með hagsmuni heildarinnar að leiðarljósi.

Fyrir hönd Félags slökkviliðsstjóra á Íslandi,

Pétur Pétursson, formaður FSÍ